WINNIPEG

Tilraun var gerð á laugardagskveldið var að ræna Union bankann á horninu á Nena og Logan strætum. Þrir menn óðu inn í bankann kl. 8.10. Þeir höfðu skambyssur og skutu á þá tvo bankaþjóna, er þar voru að vinna, og hittu annan í handlegginn. Hinn slapp ómeiddur. Ræningjarnir náðu engum peningum og flýðu eftir að hafa skotið 7 eða 8 skotum.

Blaðið "Ingólfur" dags. 26. jan. sl. tekur upp kvæði það eftir Þórð Kr. Kristjánsson í Vancouver, sem hann flutti á þjóðminningardeginum í Blaine, Wash., 1907. Og "Þjóðólfur" flutti kvæði Dr. Sig. Júl. Jóhannessonar, sem hann kvað fyrir minni Íslands, og flutt var á Íslendingadeginum í Winnipeg 1907.

Hr. Árni Sveinbjörnsson, frá Belcourt P.O. hér í fylkinu, býst við að fara snöggva ferð til Íslands seint í þessum mánuði, í kynnisför til ættingja og vina. Hann býst við að leggja upp frá Winnipeg þ. 23. þ.m., og sigla frá Halifax þann 27. með skipinu "Victorian". Frá Leith til Íslands $20, eða þar um. Íslands þann 9. apríl. Fargjaldið frá Winnipeg til Leith er $55.25, og frá Leith til Íslands $20, eða þar um. Árni vonar að koma hingað vestur aftur — til konu og barna — um miðjan júlí næstk.

Herra Lárus Guðmundsson hefir beðið þess getið, að af vangá hafi Árnes verið slept úr fyrirlestraprógrami hans, sem auglýst var í síðasta blaði. En þar ætlar hann að flytja fyrirlestur sinn mánudagskveldið 16. þ.m. kl. 8. Aðgangur þar — eins og á öðrum stöðum — verður 25c. Árnesbúar, eins og allir aðrir Íslendingar, eru beðnir að sýna Lárusi þann sóma, er fjöldi þeirra og ástæður leyfa.

Blaðið "Telegram" segir herra Baldvin Anderson hafa selt hluta í hóteli sínu á Gimli til hr. J. Wilsons, frá Petersboro, Ont., sem nú sé stjórnandi þess, þó Anderson eigi enn þá hluta í eigninni. Sama fregn segir, að þeir félagar Gestur Oddleifsson og Th. Thorsteinsson hafi gert samninga við C.P.R. félagið um, að selja því mikið af viðarbörðum undir braut þá, sem framlengja á frá Teulon til Árdal. Galicíumenn margir eru nú sem óðast að höggva brautarstæðið og er vonað, að framlengingin verði gerð á komandi sumri alla leið norður í Árdalsbygð.

"Víkingar" og "I.A.C." félagið háðu á ný Hockey leik á Arena skautasvæðinu á föstudagskveldið var. Þessir kappleikir háðir til að vinna Hansson bikarinn mikla, sem þessi íslenzku ungmenna félög hafa kept um jafnan síðan Skúli Hanson gaf bikar þennan. "Víkingar höfðu, eins og skýrt var frá hér í blaðinu unnið einn leik fram yfir andstæðinga sína. En nú lá sæmd "I.C.A." piltanna við því, að þeir sýndu, hvað þeir gætu. Mesti fjöldi fólks hafði safnast sam an til að horfa á leikinu, sem háður var af hinu mesta kappi á báðar hliðar. Og svo leit út fyrir í fyrstu, sem "Víkingar" ætluðu að bera sigur af hólmi. En svo fór þó að "I.A.C." piltarnir létu ekki að sér hæða, og sóttu leikinn með því meira kappi, sem lengra leið á hann, og báru sigur úr býtum að lokum. Flokkarnir standa því jafnir nú, og næsti leikur sker úr því, hver bikarinn hreppir — um tíma.

Næsti Menningarfélags fundur verður haldinn í Únitara kirkjunni þriðjudagskveldið 10. marz næstk. Hr. Stefán Thorson flytur á þeim fundi fyrirlestur um Egil Skallagrímsson. Frjálsar umræður á eftir. Allir velkomnir kostnaðarlaust.

Hr. Magnús Smith, taflkappi, tefldi 22. febr. sl. kapptafl móti 18 manns í einu í New York borg. Hann vann 11, tapaði 4 og gerði 3 jafntefli. — Magnús er í miklu áliti í New York borg. Hann hefir átt í ritdeilu við ritstjóra þar í bænum, og þátar blaðið, að Magnús sé gæddur svo góðum hæfileikum, að hann gæti verið "Governor of Canada".

Bæjarfulltrúi Árni Eggertsson hefir komið því til leiðar, að tilboð þau, sem Coates & Co. í Lund únum gerðu í sl. nóv. um að selja skuldabréf borgarinnar með 5½ vaxtagreiðslu til lánveitenda, — hafa verið opinberuð og birt hér í blöðunum. — Vér teljum rétt, að öll slík skjöl um almenn mál séu gerð lýðum ljós.

Montreal Bankinn hefir lofað að selja skuldabréf Winnipeg borgar á London markaðnum, alt að 7½ milión dollara virði, og að lána bænum 2 miliónir dollara á næstu 5 mánuðum, ef nauðsyn krefur. — Það verður því mögulegt á komandi sumri, að borga mannalaun við þau nauðsynlegu umbótaverk, sem bærinn þarf að láta gera.

Farbréf til Kyrrahafs voru á mánudaginn var sett niður í $30. Þetta verð á að gilda um næstu þrjátíu daga.

Herra Sigurður Bárðarson, frá Blaine, Wash., kom til bæjarins í sl. viku. Hann dvelur hér þar til undir mánaðarlok.

C. A. Clark, kaupmaður, í Fairland, Sask., og Björn bóndi Jónsson í Kristnes, Sask., komu til Winnipeg í sl. viku og dvöldu hér nokkra daga.

Margrét J. Benedictsson biður Hkr. að geta þess, að hún flytji fyrirlestur um kvenfrelsi á Brú 9. þ. m. kl. 2 e.h., og að skjaldbreið 10., sama tíma. Og þann 12. norður í Cypress sveit í samkomuhúsi Íslendinga þar. Aðgangur 25 cents.

Hr. Stefán kaupm. Johnson, er um sl. tveggja mánaða tíma hefir verið að ferðast um bygðir Íslendinga vestur á Kyrrahafsströnd og einnig dvalið um tíma í Banff til böðunar, er nýlega kominn heim aftur. Hann dvaldi 20 daga í Seattle, og segir það stórfelda borg, en bezt leist honum á sig í Vancover og telur þar framtíðarhorfur vænlegar. Líðan landa vorra þar telur hann sæmilega.

Á næsta fundi stúkunnar Heklu, þ. 6. þ.m., verður stór söngflokkur (sem samanstendur af ensku, svensku og íslenzku fólki) til að skemta á prógramminu. Allir meðlimir stúkunnar þá í bænum ættu að koma á fundinn.

Íslenzkar myndir verða bráðlega sýndar í Nýja Íslandi og Álptavatnsnýlendu. Gætið að auglýsingu í næsta blaði.

Munið eftir fyrirlestri Lárusar Guðmundssonar í Goodtemlpara salnum í kveld (miðvikudag).

The North West Laundry Co., Limited, biður þess getið, að það hafi bezta útbúnað til þess að líta, hreina og prettsa allskonar fatnað, í sambandi við þvottahúsið. Allar deildir eru undir stjórn æfðustu verkstjóra. Kvenfatnaði er veitt sérstakt athygli, og félagið tekur í ábyrgð, að alt verk sé óaðfinnanlegt. Keyrslumenn sækja fötin í hús viðskiftavina, og skila þeim þangað aftur, nýjum að útliti og fyrir lágt verð. Staðurinn er: — Horni Main og York stræta.

Herra Sigurður Jóhannsson, frá Keewatin, sem í gærdag flutti alfarinn með konu sína og 7 ára gamla kjósturdóttir vestur á Kyrra hafsströnd, biður Hkr. að bera öllum kunningjum hér og annarstaðar þar sem þau hjón hafa kynst, kæra kveðju þeirra og þökk fyrir öll vingjarnleg atlot. — Áritun þeirra hjóna verður framvegis 1880 4th Ave., Vancouver, B. C.

Lesendur eru beðnir afsökrnar á því, að í Minningarljóðum eftir Jósafat Bjarnason, sem stóðu í Heimskringlu dags. 20. febr. sl., hefir fallið úr heil hending næst þeirri síðustu í 3. vísu, þessi: — "Þar deildir vargar dvelja látt". Vísan öll á að vera þannig:

En hættur stórar eru á
því ógnasæja djúpi,
og illdýr mörg, sem enginn sá,
þess undir spegilhjúpi,
er lama rætur lífs og mátt,
það lítil furða sýnist þrátt
þar deildir vargar dvelja látt,
þó dauður margur krjúpi.

Hr. G. P. Thordarson byrjar kryddbrauðs, kringlu og tvíbökusölu í búðinni beint á móti Hkr. byggingunni á Sherbrooke st. — í næstu viku. Íslendingar eru beðnir að muna þetta.

"DÓTTIR FANGANS" verður til sýnis í Goodtemplara húsinu 23. og 26. þ.m. Enginn skyldi sá vera, er eigi komi að sjá hana, svo fögur er hún.

JAFNVEL "EATON" GETUR EKKI SELT SVO ÓDÝRT.

Stórkostlegasta afsláttarsala, er enn þá hefir verið boðin í Winnipeg byrjar í dag og helzt að eins til kl. 7.30 e.m. á mánudaginn 16. þ. m. Munirnir, sem seldir verða, eru: Aðgöngumiðar að skemtisamkomu, sem stúkan SKULD heldur þetta kveld (16. þ.m.) í Good Templar Hall (efri sal).

Óskeikulir virðingamenn hafa verið fengnir til að líta á skemtiskrána, sem þessir aðgöngumiðar eru lykill að, og þeir segja, "það þar sé heilum dollar vel varið fyrir hvern þeirra", — EN SKULD LÆTUR ÞÁ FARA FYRIR KVART, — hún er ekki að raga það.

Sextán (16) úrvalsstykki eru á Prógraminu. Nánar í næstu blöðum

Nefndin.

Píslarsýning.

Flestir hafa eitthvað heyrt um píslarsýninguna heimsfrægu í OBERAMMERGAN á Þýzkalandi.— Árið 1663 kom landplága ógnarleg yfir þorp þetta. Þegar henni létti af, strengdi bændalýðurinn þar þess heit, að sýna opinberlega á leiksviði píslarsögu frelsarans tíunda hvert ár upp frá því. Heit þetta hefir verið haldið með mestu nákvæmni og samvizkusemi ávalt síðan, og er píslarsýning þessi orðin fyrir löngu heimsfræg. Þúsundum saman streymir fólk til þorps þessa úr öllum löndum hins kristna heims í hvert skifti, sem sýning þessi fer fram.

En til þess að þeim, sem aldrei gefst færi á, að ferðast svo langa leið, gefist kostur á að sjá þessa heilögu sýning og njóta hennar án þess, hafa hreyfimyndir verið teknar af henni svo margar, að væri þær skeyttar saman, er sagt taka myndi yfir tvær mílur. Myndir þessar hafa sýndar verið á leikhúsum hér í bænum sunnudag eftir sunnudag í vetur og hefir fjöldi fólks sótt þangað til að sjá þær, og þótt unaðsleg og lærdómsrík skemtan. Nú verða myndir þessar sýndar í Tjaldbúðarkirkju þriðjudaginn 17. þ. m., og er vonandi, að menn noti tækifærið til að sjá þær.

Inngangseyrir 25 cents.

Silver Medal Contest

undir umsjón st. HEKLU verður haldinn á miðvikudagskveldið 18. marz næstk. í Goodtemplara salnum minni (sjá auglýsingu síðar).

HEIMSKRINGLU og TVÆR skemtilegar sögur fá nýir kaupendur fyrir að eins $2.00.

Fáheyrð KJÖRKAUP

Fimtud., Fostud. og Laugardag 5., 6. og 7. marz

20 pd. bezti rasp. sykur fyrir $1.00
10½ pd. bezta Rio kaffi fyrir $1.00
Egg, ný og góð, tylftin að eins 24c
Rúsínur, 7 pd. fyrir 0.50
Japan Rice, 4 pd. fyrir 0.25
Brent og malað kaffi, áður 40c pd., nú fyrir 0.18
Ostur, áður 20c pd., nú fyrir 0.15
Tomatoes, 3 könnur, áður 15c, nú fyrir $0.11
Blueberries, 2 könnur, áður 15c nú 3 fyrir 0.25
Napthene þvottasápa, 8 stykki 0.25
Sunlight Soap, 6 stykki 0.25
Handsápa, ("Castile") 12 st. 0.25
Handsápa, 25c boxes, nú 0.10
Shaving Sticks, áður 25, nú að eins 0.15
Lye, Royal Crown, 3 könnur 0.25
Scrubbing Brushes, áður 20c og 25c, nú 0.10
Fataburstar, áður 25c, nú ... 0.10
Brooms, áður 30—35c, nú að eins 0.20

Komið með pantanir yðar tímanlega til að afstýra ösinni á laugardaginn.

The Vopni-Sigurdson Ltd

Phones: 768 og 2898.
Cor. Ellice og Langside st.

Þessar fáu línur eiga að bera þakklæti öllum þeim, sem góðfúslega lögðu saman og gáfu Guðnýju Christie samtals $16. K.

GÓÐUR ELDIVIÐUR

ÓDÝR ELDIVIÐUR. A. S. Bardal selur nú Poplar fyrir $4.50 Pine $5.25, Birki $7. 00, Ask 7.00 og Tamarac fyrir $5.75, ef 1½ cord er keypt í einu, og sé meira en 1½ cord keypt, þá fyrir $5.50 cordið. Það er ódýrasti eldiviður í þessum bæ. Þeir, sem vildu ujóta þessa lága verðs, snúi sér sem fyrst til A. S. Bardal.

Hver kona ætti að vita

það, að engin máltíð er fullkomin nema því aðeins að á borðinu sé Laxdal's brauð. Og góðar og gildar ástæður eru til þess. —

E. LAXDAL
502 Maryland Street
[milli Sargent og Ellice]

HANNESSON & WHITE
LÖGFRÆÐINGAR
Room: 12 Bank of Hamilton
Telefón: 4715

J. G. Snydal, L. D. S.
ÍSL. TANNLÆKNIR
COR. MAIN & BANNATYNE
DUFFIN BLOCK PHONE 5802

Matur er mannsins megin.

Ég sel fæði og húsnæði, "Meal Tickets" og "Furnished Rooms", Öll þægindi eru í húsinu.

SWAIN SWAINSSON,
438 Agnes st.

The Bon Ton
BAKERS & CONFECTIONERS
Cor. Sherbrooke & Sargent Avenue.
Verslar með allskonar brauð og pæ, ald. ini, vindla og tóbak. Mjólk og rjóma. Lunch Counter. Allskonar Candies. Reykpípur af öllum sortum. Tel. 6298.

FÓLK.
Komið og talið við oss ef þér hafið í hyggju að kaupa hús. Vér höfum þau hús sem þér óskið eftir. með allra beztu skilmálum. Finnið oss viðvíkjandi peningaláni, eldsábyrgð og fleiru.
TH. ODDSON & CO.
55 Tribune Blk.
Telefón, 2312.
Eftirmenn Oddson, Hansson and Vopni.

Boyd's Brauð
Ekkert er kom.ið undir heppni í bökun brauða vorra. Alt frá kaupum mjölsins þar til brau ðin eru afhent yður. Vér höfum lærðustu bakara og fullkomnustu vélar aðeins; bezta hveiti og önnur efni. Alt gildar ástæður fyrir því, að þér ættuð að kaupa Boyd's brauð
Boyd's
Bakery Cor Spence & Portage Aye
Phone 1080.

ARNI ANDERSON Íslenzkur lögmaður
— Í félagi með —
Hudson, Howell, Ormond & Marlatt
Barristers, Solicitors, etc.
Winnipeg, Man.
13-18 Merchants Bank Bldg. Phone 3021, 3022

C. INGALDSON
Gerir við úr, klukkur og alt gullstáss. Úr klukkur hringir og allskonar gullvara til sölu. Alt verk fljótt og vel gert.
147 ISABEL ST.
Fáeinar dyr norður frá William Ave.

The Duff & Flett Co.
PLUMBERS, GAS AND STEAM FITTERS
Alt verk vel vandað, og verðið rétt
773 Portage Ave. og 662 Notre Dame Ave.
Phone 4644 Winnipeg Phone 3815

BILDFELL & PAULSON
Union Bank 5th Floor, No. 520
selja hús og lóðir og annast þar að lútandi störf; útvegar peningalán o. fl.
Tel.: 2685

BONNAR, HARTLEY & MANAHAN
Lögfræðingar og Landskjala Semjarar
Suite 7, Nanton Block, Winnipeg

Hver þvær og hreinsar Fötin ydar?
Hversvegna að fara í Kína-kompurnar þegar þér eigið kost á að fá verkið gert betur, og alt eins ódýrt, í bestu og heilsueamlegustu þvottastofnun, þar sem aðeins hvítt vinnufólk er haft og öll hreinustu efni notuð Vér óskum viðskifta ydar.
The North-West Laundry Comp'y Ltd.
Hreinsarar og Litarar
COR. MAIN & YORK FÓN 5178

Vörumerki.
BEZTA SVENSKA NEFTÓBAK
Selt í heild- og smásölu í Svensku Neftóbaksbúðinni, horni Logan og King St, og hjá H.S. Bárdal, 172 Nena St. Sent til kaupenda fyrir $1.25 pundið. Reynið það
CANADA SNUFF CO., Winnipeg

"Nú erum við vinir" sagði hann lágt.

"Já, til dauðans", svaraði hún. Hún brosti, og hefði hann séð það, myndi hann hafa gætt sín betur framvegis.

"Ég hefi svæft hann. Aldrei tíðar mun hann efast um mig", hugsaði hún.

Nú heyrðu þau, að verið var að spila fallegan þýzkan vals. Hertogainnan leit framan í hann. Hafið þér lofað þessum dans?" spurði hún.

"Nei", sagði hann.

"Þá skulum við ekkert hugsa um hann", sagði hún og brosti yndislega. "Mér þykir miklu skemtilegra að sitja hér og tala við yður. Enginn ónáðar okkur, því allir eru að dansa. Er ekki öllu vel fyrir komið! Það er engu líkara, en ljósbirtan sé í raun og veru tunglsljós".

Hann sat við hlið hennar, en hún hélt samtalinu uppi. Hún talaði af viti og þekkingu. Hún vildi hrifa hann með sindni sinni, láta hann dáðst að sér, en hún gætti þess að fara ekki lengra en hún sá sér fært.

Henni tókst það vel eins og alt annað, sem hún tók sér fyrir hendur.

"Er Lady Aðalheiður hér?" spurði hún eftir nokkra stund.

"Já, mælti hann. "Við komum seint. Hafið þér ekki séð hana?"

"Nei, — mér finst stundum, sem ég sé ekki að skapi hennar. Ó, hvað hún er góð, Allan, — ég vildi gefa mikið fyrir, að vera lík henni".

Kænskan, sem fólst í þessum orðum hennar, rak á burtu þann síðasta snefil af efa um hreinskilni hennar, er ríkt hafði í hjarta hans. Honum fanst hún vera svo sönn og blátt áfram.

"Ég get ekki skilið, hvers vegna þér óskið eftir, að vera öðruvísi en þér eruð", sagði hann.

Hún hló. "Sumum þykir ég vera falleg, öðrum ég vera glímrandi, — en ég vildi gefa alla fegurð mína til þess að vera eins góð og blíð eins og Lady Aðalheiður er".

Hann gat ekki álitið annað, en að hún væri góð og skemtileg. Hún laut niður yfir vatnið og raulaði vísu fyrir munni sér.

"Hvaða vísa er þetta, Nita?"

Hún leit framan í hann. "Munið þér ekki lengur eftir henni?" spurði hún.

"Koma og fara hin kæra ást má,
kærleikann leiða um foldu og sjá.
En ef að ég Mary Ann ekki má fá,
elskunnar vegum ég burtu snú frá".

"Mér þykir svo vænt um þessa vísu, en ég vil hafa annað nafn. Nú er valsinn úti og dansfólkið kemur brátt hingað, og þá er úti með samveru okkar. Hver gaf yður blómin, sem þér berið?"

Hann kvaðst sjálfur hafa valið þau. Hún tók þá stóra rós úr blómaknippi því, sem hún hélt á og sagði: "Sir Geoffrey bað mig um eina, en ég neitaði. Þetta eru mínir uppáhaldslitir, ljósrautt og hvítt, þér skuluð verða mér trúr riddari og bera þá".

Hún tók blómið, sem hann bar, og fleygði því í burtu en setti rósina í staðinn. Svo brosti hún hróðug framan í hann.

"Gætið yðar nú, ég ætla einungis að veita þessari rós eftirtekt. Ef hún fölnar og deyr, þá hafið þér gleymt mér, en ef hún heldur sér og lifir, þá veit ég að þér munið eftir mér".

Hann hló. "En hvað þetta er líkt yður, Nita, eins af þessum spönsku hugmyndum yðar".

"Já, það er líkt mér. Munið nú eftir, að ég er

öðruvísi en þessar ensku konur. Mér finst svo margt náttúrlegt og sé ekkert ilt í, sem þær eru hræddar við".

"Þér eruð svo blátt áfram og alt verður svo náttúrlegt hjá yður. En þarna kemur dansfólkið".

Nú var úti með samtal þeirra.

XXXVI. KAPÍTULI.

Nokkru seinna sá Lady Aðalheiður mann sinn hjá hertogainnunni, og hún sá, að góðverk hennar var ekki nema að eins hálfnað.

"Aftur hefir henni tekist að töfra hann", hugsaði hún.

Veizlan var í alla staði hin bezta. Lady Clanapin var hin ánægðasta, og fullviss um, að þessi veizla var sú langbezta, er haldin hafði verið á þessu ári. Allir gestirnir hrósuðu henni, en enginn hafði þó skemt sér eins vel og hertogainnan af Ormont. Hin margfrægu ljós, blómsturilmurinn og hljóðfæraslátturinn, alt þetta hjálpaði henni til í hinu skammarlega ráðabruggi hennar. Seinna um kveldið, er heitt var orðið inni, kvað hún sig langa til að koma út að skoða ána. Lávarður Caren bauðst strax til að koma með henni, og þau gengu niður að ánni. Ljósin skinu yfir ána og niður hennar var sem fegursti hljóðfæraslátur. Þau töluðu ekkert orð, en þögnin dró þau nær hvort öðru, en nokkur orð myndu hafa getað gert.

Hertogainnan stundi nú þungan og leit framan í lávarðinn.

lýst því, maður að eins finnur það!" sagði hún. "En nú fer hertoginn víst að leita að mér, því hann fer alt af svo snemma heim. Við verðum því að snúa við".

Þau gerðu nú svo, en gengu mjög hægt, og töluðu um kvæði, er snerti ást.

Loks komu þau aftur inn í danssalinn, og var hertoginn farinn að leita að konu sinni, enda var þá komin mið nótt.

"Við verðum að fara að halda af stað, Nita, við eigum langan veg að fara", sagði hann. "Þú ert víst orðin þreytt", bætti hann við. Það var þó alls ekki á henni að sjá, að hún væri það. Hún myndi hafa kosið að vera miklu lengur, ef hún hefði mátt ráða. Áður en þau fóru, sagði hertoginn við Caren lávarð, að hann ætlaði sér að taka reiðtúr til Richmond, og hann vonaði að lávarðurinn yrði sér samferða. Hertogainnan leit biðjandi augum framan í hann, svo að hann gat ekki neitað, en sagði að sér skyldi vera það hin mesta ánægja.

"Við erum ekki búin að gera út um það alt enn þá, en ég ætla að hitta yður á morgun og ráðfæra mig við yður", sagði hertoginn.

Hertogainnan hafði alveg rétt fyrir sér, er hún sagðist hafa svæft Caren lávarð.

Hún hafði talað svo hreinskilnislega og látist vera svo aum yfir þessum misskilningi, að honum kom ekki til hugar, að hún meinti annað en hún talaði.

Hann var gáfaður og heiðvirður maður, fljótur að finna út, hvernig menn í raun og veru voru, en hún hafði sáð ryki í augu hans og svæft hann. Hann ásakaði nú að eins sjálfan sig, — en ekki hana. Honum fanst hann hafa verið fljótfær og rangláttur gagnvart henni. Hann rak í burtu alla þá tortrygni, er hann hafði borið til hennar.